

Gréta hans Hans

BÆKUR

Skáldsaga

ENGILLINN HENNA GRÉTU

eftir Maritu van der Vyver. Rannveig Jónsdóttir þýddi, varla úr afrikönsku en sennilega úr ensku. 293 bls. Salka 2003.

„Hún varð að spinna ævintýri til þess að geta lifað. Ekki aðeins til að vinna fyrir lifibrauði sínu, heldur einnig til að komast undan því að deyja. Eins og hetja hennar og fyrirmynd, hin slynga Sjerasade. Ef þú erfir land, verður þú að nýta það til búskapar. Ef þú erfir sögur, verður þú að segja þær. Og Gréta Swart hafði tekið í arf nóg af sögum til að halda lífinu í þúsund og eina nótt“ (97). Svo er aðalsöguhetju skáldsögunnar Engilsins hennar Grétu lýst en hún leitar stöðugt á náðir ævintýranna til að þreyja raunveruleikann. Gréta vinnur við að safna og skrá ævintýri hjá litlu bókaforlagi og býr um stundarsakir í sóðalegri íbúð vinkonu sinnar. Hún er nýlega fráskilin þegar sagan hefst og er að ganga í gegnum tilfinningar sem því fylgja, s.s. söknuð, sektarkennd, reiði og sorg. Sálfræðingurinn hennar ráðleggur henni að skrifa sig frá skilnaðinum og er skáldsagan afrakstur þess; skemmtileg samsuða úr dagbókarfærslum, draumum, bréfum og símtölum frá kaldhæðinni vinkonu í Lundúnum, sögum af forfeðrum, lýsingum á eigin hjónabandi og samböndum vinkvennanna, samskiptum við sálfræðing, vini og vandamenn og hugleiðingum um kynferði, kynþætti, stöðu kynjanna, kynlíf o.fl. Bókinni er skipt í þrjá hluta sem eru táknrænir fyrir líðan Grétu á þessu erfiða tímabili; fyrst koma Hryllingssögur, svo Gátur og loks Ævintýri. Hver hluti samanstendur af níu köflum og heiti þeirra vísa öll í ævintýri og sögur. Textinn sjálfur morar af táknum og skírskotunum (eplum, drekum o.fl.) ásamt endalausum vísunum í örlög ýmissa kvenpersóna heimsbókmenntanna, s.s. Júlíu, Ófeliu og Önnu Karenínu. Tónninn í sögunni er kvenlægur, m.a. er þeirri spurningu varpað fram af hverju ævintýrið um Hans og Grétu heiti ekki Gréta og Hans þar sem hún er aðalpersóna sögunnar.

Sagan gerist í Suður-Afríku þar sem konur eru enn pyntaðar og brenndar á báli fyrir að vera normir. Gréta glímir við normina í sjálfri sér sem trúir að penninn sé máttugri en penisinn (21) en eiginmaðurinn er engill í hennar huga, a.m.k. þangað til Adam birtist á dyraþrepinu, ungur, stæltur og firnagóður elskhugi sem vekur Grétu til lífsins líkt og ævintýraprinsarnir forðum. „Rómantik er fyrir fólk sem fyllist sektarkennd vegna kynlífs“ (154) segir hann þegar þau hafa notið ásta á rykugu stofugólfinu undir rússneskri ljósaperu með sjónvarpið í botni. Gréta hefur síðan nýtt líf og horfist í augu við að gömlu ævintýrin er aðeins leið til að koma þeim boðskap til skila að ástin „endi“ með hjónabandi. Hún áttar sig á því að nýr heimur þarfnast nýrra ævintýra. Um það leyti sem frelsishetjan Nelson Mandela losnar úr haldi öðlast hún sjálf frelsi. Hún skrifar söguna um veiðimennina tólf þar sem ævintýrið sjálft er dregið sundur og saman í háði og boðskapur þess er að prinsessa sem vill giftast karlrembuprinsi á ekkert betra skilið (280).

Engillinn hennar Grétu er mögnuð saga og stórskemmtileg; um konur eftir konu, sambönd og samskipti kvenna við karla, skilnað við þá og um kvenlegan reynsluheim, frelsi og sjálfstæði, höft og sektarkennd. Boðskapur sögunnar er kaldhæðinn og mótsagnakenndur: „Karlmennt njóta þess að bjarga konum úr vandræðum ... og halda þakklátum konum ævilangt í ánað. María átti ekki svo auðvelt með að fara frá Jósep, eða hvað? Alveg eins og Mjallhvít gat ekki yfirgefið prinsinn sinn. Þú getur ekki farið frá manni sem hefur bjargað þér úr lífshættu. Það voru Grétturnar í heiminum sem unnu í því að halda samböndum gangandi, stúlkurnar sem ýttu galdranorninni inn í ofninn og björguðu bræðrum sínum. Það voru þær sem gerðu

vansæla eiginmenn sína getulausa. Ef þær eignuðust þá nokkurn tímann mann. Ef þær vildu nokkuð eignast mann“ (289). Þrátt fyrir hæðnistóninn og slagorðin um kvenfrelsið er það karl/engill sem hristir upp í Grétu og nýtt ástar-ævintýri virðist vera í vændum þegar sögunni lýkur. Bókarkápan er bæði falleg og táknræn, hana prýðir engilfríður karlmaður, snoðklipptur með geislabaug og loðna bringu en í bakgrunnum grillir í fangelsisgirðingu sem minnir okkur á að við erum fangar hlutverkaskipunar gömlu ævintýranna.

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>